

Sparisjóður Austurlands hf.

Samandreginn árshlutareikningur
30. júní 2023

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og sparisjóðsstjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8
Eiginfjárfirlit	9
Sjóðstreymisyfirlit	10
Skýringar	11

Skýrsla og áritun stjórnar og sparisjóðsstjóra

Samandreginn árshlutareikningur Sparisjóðs Austurlands hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2023 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálafyrirtæki og reglur um reikningsskil lánastofnana. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og ársreikningur sjóðsins árið áður.

Hagnaður fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2023 nam 63,2 millj. kr. fyrir skatta og lögbundið 5% framlag til samfélagslegra verkefna. Framlag til samfélagslegra verkefna nam 3,2 millj. kr., skattar 12,6 millj. kr. og hagnaður tímabilsins því eftir skatta 47,4 millj. kr. Bókfært eigið fé í lok tímabils nam 1.063,0 millj. kr. og eiginfjárlutfall sjóðsins, sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki er 26,27 %, en samkvæmt lögnum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%. Eiginfjárfrafa FME á sjóðinn í lok tímabils er 21 %. Stjórnir Sparisjóðs Austurlands hf. og Sparisjóðs Höfðhverfinga ses. samþykktu í mars að hefja formlegar viðræður um mögulega sameiningu sjóðanna. Þeim viðræðum er ekki lokið.

Hlutfé sjóðsins nam í lok júní 2023 700,9 millj. kr. og skiptist á 106 aðila sem er óbreyttur fjöldi frá ársbyrjun.

Yfirlýsing stjórnar og sparisjóðsstjóra

Það er álit stjórnar og sparisjóðsstjóra Sparisjóðs Austurlands hf. að í árshlutareikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sjóðsins í lok tímabils, rekstrarangri og fjárhagslegri þróun á tímabilinu. Stjórn og sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Austurlands hf. staðfesta hér með árshlutareikning sjóðsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2023 með undirritun sinni.

Neskaupstað, 29. ágúst 2023

Stjórn:

Sparisjóðsstjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Sparisjóði Austurlands hf.

Áritun um endurskoðun árs hlutareikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað árs hlutareikning Sparisjóðs Austurlands hf. fyrir tímabilið 1.1.2023 - 30.6.2023. Árs hlutareikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að árs hlutareikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sjóðsins 30. júní 2023 og afkomu hans og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1.1.2023 - 30.6.2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

Álitið er í samræmi við skýrslu okkar til endurskoðunarnefndar og stjórnar.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun árs hlutareikningsins* í árituninni. Við erum óháð sjóðnum í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Samkvæmt bestu vitund okkar og skilningi lýsum við yfir að við höfum ekki veitt neina óheimila þjónustu samkvæmt 1. mgr. 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014 og við erum óháð sjóðnum við endurskoðunina.

Við vorum fyrst kjörin endurskoðendur á aðalfundi sjóðsins þann 23. apríl 2018 og höfum verið endurskoðendur sjóðsins samfelld síðan þá.

Lykilþættir endurskoðunar

Lykilþættir endurskoðunar eru þeir þættir, sem samkvæmt faglegu mati okkar, höfðu mest vægi við endurskoðun árs hlutareikningsins. Við gefum ekki sérstakt álit á einstökum lykilþáttum en tókum á þeim við endurskoðun á árs hlutareikningnum í heild og við ákvörðun um álit okkar á honum.

Lykilþáttur

Viðbrögð í endurskoðuninni

Virðisrýrningur útlána

Í lok tímabilsins námu útlán 7.083 millj. kr. eða 72,8% af heildareignum sjóðsins. Virðisrýrningur útlána í árslok nam 79,6 millj. kr.

Mat á virðisrýrningu útlána er lykilþáttur í endurskoðun á árs hlutareikningi sjóðsins vegna þess hversu hátt hlutfall útlána er af heildareignum hans og jafnframt er mat á virðisrýrningu útlána sjóðsins háð óvissu og mati stjórnenda.

Stjórnendur hafa greint frá reikningsskilaaðferðum við mat á virðisrýrningu útlána í skýringu 2. g. í endurskoðuðum ársreikningi 2022 sem og breytingum á virðisrýrningu útlána í skýringu 8 í árs hlutareikningi.

Við lögðum mat á reikningsskilaaðferðir og forsendur sem stjórnendur nota við mat á útlánnum. Í þeirri vinnu fólst meðal annars:

- Mat á útreikningum sjóðsins á virðisrýrningu útlána með endurreikningi.
- Mat á hönnun og innleiðingu eftirlitsþátta í útlánaferli sjóðsins, undirliggjandi tryggingum og virðisrýrningu útlána í árslok.
- Við máttum réttmæti þeirra gagna sem notuð eru til grundvallar mati á virðisrýrningu í lok tímabilsins.
- Við yfirförum skýringar í árs hlutareikningi og staðfestum að helstu upplýsingar sem reikningsskilareglur lánastofnana kveða á um kæmu fram

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Samanburðarfjárhæðir

Við vekjum athygli á því að við höfum ekki endurskoðað rekstrarreikning og sjóðstreymi fyrir tímabilið 1.1 til 30.6.2022 og skýringar sem varða framangreint. Þar af leiðandi gefum við ekki álit á þeim.

Ábyrgð stjórnar og sparisjóðsstjóra á árshlutareikningnum

Stjórn og sparisjóðsstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð árshlutareikningsins ber stjórn og sparisjóðsstjóra að leggja mat á rekstrarhæfi sjóðsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi hans, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og sparisjóðsstjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu árshlutareikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun árshlutareikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort árshlutareikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur árshlutareikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í árshlutareikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og sparisjóðsstjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi sjóðsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert sjóðinn órekstrarhæfan.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald árshlutareikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun árshlutareikningsins, frh.:

Við lýsum því einnig yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og upplýsum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega talist hafa áhrif á óhæði okkar og þegar við á, til hvaða aðgerða við höfum gripið til að eyða áhættu eða varúðarráðstafanir til að bregðast við henni.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, leggjum við mat á hvaða þættir höfðu mesta þýðingu við endurskoðun árshlutareikningsins og eru því lykilþættir endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum þáttum í áritun okkar nema lög og reglur útiloki að upplýst sé um þá eða, við einstakar mjög sjaldgæfar kringumstæður, þegar við metum að ekki skuli upplýsa um lykilþátt þar sem neikvæðar afleiðingar þess eru taldar veita þyngra en almennir hagsmunir af birtingu slíkra upplýsinga.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum árshlutareikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reynir Stefán Gylfason, endurskoðandi, ber ábyrgð á endurskoðun árshlutareikningsins og þessari áritun.

Reykjavík, 29. ágúst 2023

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur 1. janúar - 30. júní 2023

		2023	Óendurskoðað 2022
	Skýr.	1.1. - 30.6	1.1. - 30.6
Vaxtatekjur		486.136	313.952
Vaxtagjöld		(275.643)	(187.909)
Hreinar vaxtatekjur		<u>210.493</u>	<u>126.043</u>
Þjónustutekjur		27.540	23.433
Þjónustugjöld		(9.747)	(7.387)
Hreinar þjónustutekjur		<u>17.793</u>	<u>16.046</u>
Hreinn gengishagnaður		633	(537)
Aðrar rekstrartekjur		872	755
Aðrar rekstrartekjur		<u>1.505</u>	<u>218</u>
Hreinar rekstrartekjur		229.791	142.307
Laun og launatengd gjöld		61.724	58.000
Annar rekstrarkostnaður		85.620	77.199
Afskriftir		6.410	6.394
Rekstrargjöld samtals		<u>153.754</u>	<u>141.593</u>
Framlag í afskriftareikning útlána	8	(15.966)	8.247
Hagnaður fyrir skatta		60.071	8.961
Tekjuskattur	3	(12.646)	(1.886)
Hagnaður/ (tap) tímabils		<u>47.425</u>	<u>7.075</u>

Efnahagsreikningur 30. júní 2023

	Skýr.	30.6.2023	31.12.2022
Eignir			
Sjóður og innstæður í Seðlabanka		1.556.185	1.170.375
Kröfur á lánastofnanir		57.952	39.341
Útlán til viðskiptamanna		7.083.436	6.638.091
Fullnustueignir		3.000	3.000
Eignarhlutir í öðrum félögum		7.865	7.865
Fjárfestingaverðbréf		871.302	829.703
Rekstrarfjármunir		46.580	47.898
Óefnislegar eignir		78.989	84.082
Aðrar eignir		18.262	5.627
		<u>9.723.571</u>	<u>8.825.982</u>
Eignir samtals		<u>9.723.571</u>	<u>8.825.982</u>
Skuldir			
Almenn innlán		8.567.851	7.699.356
Aðrar skuldir		79.031	110.009
Tekjuskattsskuldbinding	3	13.652	1.005
		<u>8.660.534</u>	<u>7.810.370</u>
Skuldir samtals		<u>8.660.534</u>	<u>7.810.370</u>
Eigið fé			
Hlutfé		700.887	700.887
Lögbundinn varasjóður		36.216	31.473
Óráðstafað eigið fé		325.934	283.252
		<u>1.063.037</u>	<u>1.015.612</u>
Eigið fé samtals	4	<u>1.063.037</u>	<u>1.015.612</u>
Skuldir og eigið fé samtals		<u>9.723.571</u>	<u>8.825.982</u>

Eiginfjáryfirlit 30. júní 2023

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Breyting á eigin fé á árinu 2023				
Eigið fé 1. janúar 2023	700.887	31.473	283.252	1.015.612
Hagnaður tímabils			47.425	47.425
Lagt í lögbundinn varasjóð		4.743	(4.743)	0
Eigið fé 30. júní 2023	<u>700.887</u>	<u>36.216</u>	<u>325.934</u>	<u>1.063.037</u>

Breyting á eigin fé á árinu 2022

Eigið fé 1. janúar 2022	700.887	26.457	238.109	965.453
Hagnaður ársins			50.159	50.159
Lagt í lögbundinn varasjóð		5.016	(5.016)	0
Eigið fé 31. desember 2022	<u>700.887</u>	<u>31.473</u>	<u>283.252</u>	<u>1.015.612</u>

Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar - 30. júní 2023

	2023	Óendurskoðað 2022
	1.1. - 30.6	1.1. - 30.6
Rekstrarhreyfingar		
Hagnaður tímabils	47.425	7.075
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:		
Hreinar vaxtatekjur	(210.493)	(126.043)
Gengismunur	(633)	(537)
Virðisrýrnun útlána	15.966	(8.247)
Skatteign, breyting	12.646	1.886
Afskriftir rekstrarfjármuna	6.410	6.394
	<u>(128.679)</u>	<u>(119.472)</u>
Útlán og kröfur, breyting	(474.050)	(119.076)
Fjárfestingaverðbréf, breyting	0	(401.882)
Aðrar eignir, breyting	(12.635)	(10.823)
Innlán, breyting	671.154	355.976
Aðrar skuldir, breyting	(30.976)	(13.352)
	<u>24.814</u>	<u>(308.629)</u>
Innheimtir vextir	404.254	283.710
Greiddir vextir	(76.837)	(38.064)
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)	<u>352.231</u>	<u>(62.983)</u>
Fjárfestingarhreyfingar		
Fjárfesting í óefnislegum eignum	0	(1.037)
Sala á eignarhlutum í öðrum félögum	0	2.587
Fjárfestingarhreyfingar	<u>0</u>	<u>1.550</u>
Hækkun á handbæru fé	352.231	(61.433)
Handbært fé í ársbyrjun	1.165.891	1.569.345
Áhrif gengisbreytinga á innistæður í erlendri mynt	(832)	(713)
Handbært fé í lok tímabils	<u>1.517.290</u>	<u>1.507.199</u>

Skýringar

1. Upplýsingar um sjóðinn

Sparisjóðurinn heitir Sparisjóður Austurlands hf. Heimilisfang sjóðsins er að Egilsbraut 25, Neskaupstað.

Sjóðurinn starfar samkvæmt gildandi lögum um fjármálafyrirtæki. Tilgangur sjóðsins er að stunda sparisjóðsstarfsemi eins og hún er skilgreind í áðurgreindum lögum. Fjármálaeftirlit SÍ hefur eftirlit með sjóðnum á grundvelli laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Samfélagslegt hlutverk sjóðsins er að láta gott af sér leiða og standa vörð um og þróa atvinnulíf, mannlíf og almenna velferð á starfssvæði sínu.

Stjórn sjóðsins og sparisjóðsstjóri staðfestu árshlutareikninginn þann 29. ágúst 2023

2. Reikningsskilaaðferðir

a. Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálafyrirtæki og reglur um reikningsskil lánastofnanna. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum, að öðru leyti en því að hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða eru færð á markaðsverði. Árshlutareikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Stjórnendur sjóðsins hafa lagt mat á áframhaldandi rekstrarhæfi sjóðsins og hafa eðlilegar væntingar um að sjóðurinn hafi fullnægjandi burði til áframhaldandi rekstrar. Ársreikningurinn er því gerður miðað við áframhaldandi rekstrarhæfi.

Árshlutareikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

Árshlutareikningur sparisjóðsins inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við fullbúinn ársreikning sjóðsins fyrir árið 2022.

b. Matsaðferðir

Við gerð árshlutareiknings þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á stöðu eigna, skulda, tekna og gjalda sem og upplýsingar í skýringum á reikningsskiladegi. Við matið er byggt á reynslu, þekkingu og fleiri þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll fyrir stöðu á bókfærðu verði eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað. Matsóvissan felst fyrst og fremst í ákvörðun um niðurfærslu vegna útlána sjóðsins.

Við gerð árshlutareikningsins notuðust stjórnendur við sömu aðferðir við mat og ákvarðanir og við gerð ársreiknings sjóðsins árið 2022.

3. Tekjuskattur

		30.6.2023		Óendurskoðað 30.6.2022
Virkur tekjuskattur greinist þannig:				
Hagnaður fyrir skatta		60.071		8.961
Tekjuskattur af afkomu ársins	20,0%	12.014	20,0%	1.792
Ófrádráttarbær gjöld	1,1%	632	1,0%	94
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi	21,1%	12.646	21,0%	1.886
Skattur í efnahagsreikningi greinist þannig:			30.6.2022	31.12.2022
(Skattskuldbinding) skatteign í byrjun tímabilsins			(1.005)	11.576
Reiknaður tekjuskattur tímabils			(12.646)	(12.580)
Skattskuldbinding í lok tímabils			(13.652)	(1.005)

Skýringar, frh.:

4. Eigið fé

Eigið fé í lok tímabils nam 1.063 millj. kr. eða 10,9 % af niðurstöðu efnahagsreiknings. Eiginfjárlutfall sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki er 26,27% en má lægst vera 8,0%. Eiginfjárfrafa með eiginfjárukum er 21,0% miðað við 30. júní 2023. Fjármálaeftirlitið lauk á síðasta ári við mat á eiginfjárförf sjóðsins samkvæmt svonefndu SREP ferli. Lágmarkskrafa FME er nú 13,5% og með eiginfjárukum er hún 21,0%. Eiginfjárfrafa FME til sjóðsins greinist þannig í lok uppgjörstímabils.

30.6.2023

Lágmarkskrafa FME	13,50%
Verndunarauki	2,50%
Kerfisáhættuauki	3,00%
Sveiflujöfnunarauki	2,00%
Samanlögð krafa	<u>21,00%</u>

Eiginfjárlutfall reiknast þannig:	30.6.2023	31.12.2022
Heildar eigið fé	1.063.037	1.015.612
Óefnislegar eignir	(53.778)	(84.082)
Eignarhlutir í fjármálafyrirtækjum	(7.533)	(7.533)
Eiginfjárgrunnur samtals	<u>1.001.726</u>	<u>923.997</u>

Heildar áhættuskuldbindingar skiptist þannig:

Útlánaáhætta	3.210.450	3.114.205
Markaðsáhætta	27.811	7.272
Rekstraráhætta	575.138	575.138
Eiginfjárfrafa samtals	<u>3.813.399</u>	<u>3.696.615</u>

Eiginfjárlutfall	26,27%	25,00%
------------------------	--------	--------

Vogunarlutfall

Fjármálafyrirtæki skal skv. 30. gr. a í lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 uppfylla kröfur um vogunarlutfall. Vogunarlutfall sjóðsins í lok tímabils er 10,2% en samkvæmt lögnum skal vogunarlutfall ekki fara undir 3%.

Vogunarlutfallið reiknast þannig:	30.6.2023	31.12.2022
Eigið fé þáttar 1	1.001.726	923.997
Áhættuskuldbindingar:		
- Liðir innan efnahags	9.723.572	8.825.982
- Liðir utan efnahags	111.800	144.639
- Frádráttarliðir eiginfjárfáttar 1	(61.311)	(91.615)
Heildaráhættuskuldbindingar	<u>9.774.061</u>	<u>8.879.006</u>
Vogunarlutfall	10,2%	10,4%

Skýringar, frh.:

5. Tengdir aðilar

Sjóðurinn hefur skilgreint samband tengdra aðila sem stjórn sjóðsins, sparisjóðsstjóra og nánustu fjölskyldu þeirra einstaklinga sem falla þarna undir. Einnig hefur verið skilgreint samband við einingar með umtalsverðri tæk hjá stærstu hluthöfum sjóðsins. Viðskipti við tengda aðila eru á armslengdargrunni.

	30.6.2023	31.12.2022
Útlán	174.546	163.200
Innlán	814.706	431.433

Vaxtakjör útlána og innlána tengdra aðila eru sambærileg við vaxtakjör annarra viðskiptamanna sjóðsins.

6. Veðsettar eignir

Sjóðurinn hefur sett bundið innlán að veði til fullnustu skuldbindingum Sparisjóðsins í greiðslukerfum Seðlabanka Íslands á hverjum tíma að fjárhæð 141,1 millj. í lok uppgjörstímabils. Aðrar eignir sjóðsins eru ekki veðsettar.

7. Skuldbindingar utan efnahagsreiknings Ábyrgðir og ónotaðar yfirdráttarheimildir

Sjóðurinn hefur gengist í ábyrgðir fyrir viðskiptamenn sína og veitt þeim yfirdráttarheimildir. Þessar ábyrgðir og yfirdráttarheimildir greinast þannig:

	30.6.2023	31.12.2022
Veittar ábyrgðir vegna viðskiptamanna	24.569	38.181
Ónotaðar yfirdráttarheimildir og kortaheimildir	589.914	541.246
	<u>614.483</u>	<u>579.427</u>

8. Útlán til viðskiptavina

Útlán greinast þannig eftir útlánsformum:

	30.6.2023	31.12.2022
Yfirdráttarlán	680.462	875.924
Skuldabréf	6.399.814	5.762.167
Útlán til viðskiptavina samtals	<u>7.080.276</u>	<u>6.638.091</u>

Afskriftareikningur útlána greinist þannig:

	Afskriftareikningur		30.6.2023	31.12.2022
	Sérstakur	Almennur	Samtals	Samtals
Afskriftareikningur útlána í byrjun tímabilsins	7.256	56.111	63.367	65.891
Framlag afskriftareiknings á tímabilinu	12.900	3.066	15.966	(2.271)
Endanlega töpuð útlán			0	(735)
Innkomið áður afskrifað	264		264	482
Afskriftareikningur útlána í lok tímabilsins	<u>20.420</u>	<u>59.177</u>	<u>79.597</u>	<u>63.367</u>

Afskriftareikningur útlána í hlutfalli af útlánum og veittum ábyrgðum

0,3%	0,8%	1,1%	0,9%
------	------	------	------